

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/243**

2017/EES/48/26

frá 10. febrúar 2017

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 að því er varðar meðskýrslugjafaraðildarríkið fyrir virka efnið metaldehyð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 <sup>(2)</sup> er mati á hverju virku efni úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis. Í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki er talið nauðsynlegt að breyta meðskýrslugjafaraðildarríkinu fyrir virka efnið metaldehyð en virða um leið jafna dreifingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkjanna. Héðan í frá ætti að úthluta meðmati í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun fyrir metaldehyð til Austurríkis.
- 2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar um virka efnið metaldehyð í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 komi eftirfarandi:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Metaldehyð	PL	AT“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 53. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnum, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtuð. ESB L 200, 27.7.2012, bls. 5).